

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-90/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið. Ekki liggur fyrir af hverjum álitsbeiðandi keypti bifreiðina, en kröfum sínum um riftun beinir álitsbeiðandi að Y.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á bifreið. Hvorki kaupsamningur né afsal fylgja álitsbeiðninni. Töluvert magn fylgigagna fylgir álitsbeiðni en af þeim verður þó ekki ráðið hver hafi selt álitsbeiðanda bifreiðina. Með tölvupóstum, dags. 12. nóvember 2015 og aftur hinn 16. nóvember er álitsbeiðanda bent á að leggja fram kaupsamning og afsal, sem og að réttara sé að beina kröfum í málinu að seljanda bifreiðarinnar, en ekki bifreiðasölu þeirri er hafði milligöngu um kaupin, en nafn hennar, kennitala og heimilisfang var tilgreint í álitsbeiðni sem gagnaðili í málinu. Nánast án undantekningar má gera ráð fyrir að í skilmálum kaupsamnings vegna bifreiðakaupa, þar sem bifreiðasala hefur milligöngu, komi fram að bifreiðasalinn sé aðeins milliliður í viðskiptunum og ekki samábyrgur seljanda vegna skyldna hans. Kæruneftndin telur ljóst að kröfu álitsbeiðanda um riftun og/eða skaðabætur vegna bifreiðakaupana verði ekki beint að bifreiðasalanum heldur verður að beina slíkum kröfum að fyrrum eiganda og seljanda bifreiðarinnar. Hver sá aðili er hefur álitsbeiðandi ekki upplýst. Þetta leiðir til þess að óhjákvæmilegt er að vísa álitsbeiðni þessari frá kæruneftndinni. Kæruneftndin getur tekið málið aftur til meðferðar, upplýsi álitsbeiðandi um það hver hafi selt honum bifreiðina, ásamt því að leggja fram kaupsamning og afsal vegna viðskiptanna.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson